

Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. júnímán.

Nr. 18/1885.

Rjettvísín

gegn

Jóni Guðnasyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 20. aprílmán. síðastl., var hinn ákærði, Jón kaupmaður Guðnason, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi til að sæta betrunarhússvinnu í 1 ár og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, alþingismanns Egilssons, 10 krónur.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Jóns kaupmanns Guðnasonar, og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað:

1. Að hinn ákærði hefur veðsett kaupmanni einum í Liverpool á Englandi með veðbrjefi, dags. 20. febr. 1882, skip, nefnt „Elliði“, er hann kvaðst einn eiga, og sem hann sagði laust við eignaræða veðbönd, og sem kaupmaðurinn skyldi mega selja, jafnvel ákærða óafvitandi, ef hann ekki stæði í skilum við kaupmanninn með skuld þá,

er hann ætti honum að lúka. Skip þetta fórst á leiðinni til Íslands frá Liverpool einhvern-tíma á fyrstu mánuðum ársins 1882, og rann á-byrgðargjaldið, að því hinn ákærði hefur borið, inn til kaupmannsins. Að því skipið „Elliða“ snertir, þá var hinn ákærði ekki eigandi þess, þegar hann veðsetti það, heldur Þórður bóndi Þorsteinsson á Leirá, og hafði hinn ákærði selt honum það með kaupbrjefi, dags. 30. nóvbr. 1881, þinglesnu 15. desbr. næstan eptir, og enga heimild hafði hann frá Þórði til veðsetningar þessarar eða annara ráðstafana, er hann gjörði við-víkjandi skipinu ;

2. að hinn ákærði með veðbrjefi, dagsettu í Liverpool 24. maí 1883, hefur veðsett sama kaupmanni, W. O. A. Löwe, með fyrsta veðrjetti:

a. hús, er hann kvaðst eiga á Akranesi, og væri með öllu óveðbundið,

b. hálfu jörðina Efri-hrepp í Borgarfjarðar-sýslu ;

en nefnda húseign hafði hinn ákærði áður veðsett með 1. veðrjetti með veðbrjefum, dags. 3. jan. og 21. marz 1883, þinglesnum 18. júní næstan eptir, og jarðarparturinn var áður að fullu veðbundinn sama veðrjetti, og þaraðauki fjárnám gjört í honum samkvæmt sætt, og þau bönd ekki leyst. Að vísu kveðst hinn ákærði hafa skýrt Löwe frá, að þessar eignir væru veðbundnar áður en hann veðsetti honum þær, en það er hvorttveggja, að Löwe hefur neitað því, enda ber veðbrjefið ekki með sjer að svo hafi verið ;

3. að ákærði hefur veðsett sama kaupmanni Löwe með 1. veðrjetti alla búshluti sína og vörur, er væru í húsi hans í Reykjavík. Veðbrjefið er dagsett 24. maí 1883 og þinglesið 7. júní 1883, og þessar undir 2. og 3. tölulið nefndu veðsetningar hefur ákærði ítrekað í öðru skjali, dags. sama dag; en 12. desbr. s. á. veðsetur hann Finnboga bónda Árnasyni á Reykjum allt innbú sitt og 100 tunnur af salti með 1. veðrjetti;
4. þá hefur hinn ákærði tekið við ýmsum peningaupphæðum, er hann sumpart nefnir: „lán til bændaþjelagsins í Glasgow“, sumpart: „lán eða styrk til þess að koma á vörupöntunarfjelagi“, er hann þóttist formaður fyrir; en slík fjelög virðast aldrei hafa verið reglulega stofnuð; og að því peninga þá, er hann þannig veitti viðtöku snertir, þá hefur hann ekki haldið bók yfir þá, heldur að eins skrifað það á laus blöð, er hann veit ekki, hvað um er orðið, en hann hefur kannast við, að þessar peningaupphæðir að eins að nokkru leyti sjeu endurgoldnar hlutadeigendum;
5. í skjali, dags. 1. maí 1882, til herra Egilssons, hefur hinn ákærði lýst því yfir: „að hann hafi búið til leigu hjá honum síðan hann kom í nefnt hús (Glasgow), en aldrei verið eigandi að neinu af því“; en í annari yfirlýsingu, dags. 27. júlí 1878, segir hann Finnboga Árnason á Reykjum rjettan eiganda að  $\frac{1}{50}$  hluta úr þriðja hluta „Glasgows“; og 20. nóvbr. 1880 hefur hann framselt fógeta við fjárnámsgjörð eign sína í „Glasgow“. Þegar yfirlýsingin til Egilssons

er borin saman við hin önnur atvik snertandi  $\frac{1}{3}$  í „Glasgow“, virðist annaðhvort yfirlýsingin til Egilssons eða hinar aðrar yfirlýsingar gjörðar í sviksamlegum tilgangi;

6. loks hefur hinn ákærði sem kaupmaður ekki notað þær verzlunarbækur, er almennt þykja nauðsynlegar, enda fært þær verzlunarbækur, er hann hafði, mjög hirðulauslega.

Það er þannig komin fram lögmæt sönnun fyrir því, að hinn ákærði hefur gjört sig sekan í sviksamlegum veðsetningum og öðru sviksamlegu atferli, svo og í stórkostlegu hirðuleysi að því innritun í verzlunarbækur hans snertir, og eru þessi brot hans rjettilega heimfærð af undirdómaranum undir 255., 259. og 274. gr. 2. lið hegningarlaganna; virðist hegning sú, sem hinn ákærði þannig hefur unnið til, hæfilega metin 8 mánaða betrunarhússvinnu, og er með því að ákveða hegninguna þannig, sjerstaklega tekið tillit til, að hinn ákærði hefur setið á 5. mánuð í varðhaldi. Um málskostnað í hjeradi skal hjeradsdómnum óraskað. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan síðar af varðhaldi sínu og áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jón Guðnason, á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu; að öðrn leyti skal

hjeraðsdómnum óraskað. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af varðhaldi sínu, eptir að hjeraðsdómurinn var uppkveðinn, og áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svara­manns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 47/1884.

Einar Þórðarson

gegn

Stefáni Bjarnarsyni.

#### D ó m u r :

Þegar mál þetta fyrst kom fyrir 4. þ. m. lagði áfrýjandi ekki fram neina málsútlitun, og ekkert annað en stefnuna, en beiddi um 4 mánaða frest til að upplýsa málið, en af hendi hins stefnda var mótmælt öllum fresti. Hinn umbeðni frestur verður eptir atvikum ekki veittur, og ber því, með því áfrýjandi ekki hefur útlistað málið eða lagt fram dómsgjörðir í því, að vísa stefnunni frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.